



ORKUSTOFNUN

**Hitaveita Siglufjarðar: Borun holu SF-12, í
Skarðdal, Siglufirði**

Helgi Torfason

Greinargerð HeTo-90-04

HITAVEITA SIGLUFJARÐAR: BORUN HOLU SF-12, Í SKARÐDAL, Í SIGLUFIRÐI

Borun holu SF-12 í Skarðdal í Siglufirði hófst 14. október 1990. Borun gekk seint í byrjun vegna snjóá og ófærðar, en einnig hefur hrun í efstu 20 m holunnar tafið verkið. Hrun var í berglögum eftir að komið var niðurfyrir laus jarðlög.

Borsaga er eftirfarandi:

Dags.	Borun	Aðgerð
13. okt. 1990	-	bor skipað upp á Siglufirði
14. okt. 1990	-	bor staðsettur - tafir vegna illviðris
15. okt. 1990	0 - 13	borun hefst, laus jarðlög fóðruð af og steipt
16. okt. 1990	13 - 13	hrun og steyping
17. okt. 1990	13 - 20	hrun og steyping
18. okt. 1990	20 - 70	
19. okt. 1990	-	fríhelgi
20. okt. 1990	-	fríhelgi
21. okt. 1990	-	fríhelgi
22. okt. 1990	-	fríhelgi
23. okt. 1990	70 - 104	hitamælt inni í stöngum að morgni
24. okt. 1990	104 - 170	hitamælt inni í stöngum að morgni
25. okt. 1990	170 -	hitamælt inni í stöngum að morgni, rennsli 0.1-0.3 l/s í dælingu
26. okt. 1990		

Hola SF-8 er um 100 m sunnan við SF-12 og er stigull í henni um 170°C/km. Á þeim kafla sem þegar hefur verið boraður í SF-12 er hitastigull sá sami, eða um 170°C/km. Það kemur ekki á óvart og styður tilvist volgs eða heits vatns í berggrunni. Botnhiti í holunni var 27°C á 170 m dýpi og má því allavega gera ráð fyrir heitavatnskerfi með því hitastigi, líklega hærra, en rannsóknarboranir munu væntanlega gefa hugmynd um það.

Viðnámsmælingar sem gerðar voru 1990 benda til þess að vænta megi lágviðnámlags á 250 m (+/- 50 m) á þeim stað sem hitastigulsholan SF-12 er og er því stefnt að bora á a.m.k. það dýpi.

Með borun er fylgst gegnum síma og með hjálp nútíma tækni (telefax) og er það einkum gert vegna manneklu á Orkustofnun og til að halda kostnaði í skefjum. Þessi aðferð reynir á greið samskipti og hefur hingað til gengið nokkuð vel þrátt fyrir fjarveru Veitustjóra (en hann situr á Alþingi), og er það einkum að þakka Helga Antonssyni verkstjóra Hitaveitunnar á Siglufirði. Að svo stöddu er því ekki talið nauðsynlegt að sérfræðingur frá Orkustofnun sé viðstaddur til að fylgjast með borun. Gert ráð fyrir a.m.k. tveimur ferðum til Siglufjarðar á bortímanum til að staðsetja nýjar holur og kanna þær sem þegar hafa verið boraðar.

Helgi Torfason

Mælt í stöngum
Heto 25/10/1990

SIGLUFJÖRÐUR HOLA S-12 MÆLD 24. OG 25./10 1990

